

Námskeiðið Teymisvinna í bráðum aðstæðum (T.Í.B.A.) er skylda fyrir alla sérnámsgrunnslækna og sérnámslækna á öllum sviðum Landspítala og hluti af starfsþróun hjúkrunarfræðinga. Það byggir á tilfellingakennslu og stuttum fyrirlesturum.

**Markmið er að:**

- **Æfa þátttakendur í að nota stöðluð samskipti eins og SBAR og staðfest samskipti**
- **Þjálfna notkun á ABCDE við mat á bráðveikum**
- **Æfa forgangsröðun**
- **Skapa vettvang þar sem hjúkrunarfræðingar og læknar geta æft teymisvinnu**

Margir kennarar af ólíkum bakgrunni koma að kennslunni. Hermileiðarar eru hjúkrunarfræðingar og læknar sem hafa sérhæft sig í hermikennslu, Jón Baldursson, Elísabet Benedikz og María Einisdóttir hafa verið með fyrirlestur um mikilvægi teymisvinnu, Inga Sif Ólafsdóttir er með fyrirlestur og æfingu í forgangsröðun og sérfræðilæknar hafa komið að námskeiðinu sem nokkurs konar "auka" kennarar eða "ráðgjafar". Nánast enginn sérfræðilæknir hefur fengið þjálfun í þessari kennsluaðferð enda er hlutverk sérfræðilækna ekki að kenna á námskeiðinu heldur að koma að því sem ráðgefandi og taka þátt í umræðum.

Hlutverk sérfræðilæknis er að fylgjast með tilfellaæfingunum og taka þátt í umræðum.

Sérfræðilæknir kemur oft með álit sem aðrir kennarar hafa ekki menntun eða reynslu til að deila.

Sérfræðilæknir er í góðri aðstöðu til að segja unglæknum til ef eitthvað álitamál kemur upp auk þess sem sérfræðilæknir býr að starfsreynslu og er vön/vanur að taka við símtölum og vera beðin um ráðleggingar en hluti af námsmarkmiðum er að æfa stöðluð samskipti og gefa góðar upplýsingar.

**Umræðunni er þó alltaf stýrt af hermileiðbeinendum, sem eru sérþjálfuð í þessari kennsluaðferð.**

Sérfræðingar úr hinum ýmsu sérgreinum hafa komið að kennslu svo sem: nýbura-, smitsjúkdómar-, meltinga-, hjarta-, nýrna-, skurð- og öldrunarlækningum.

### **Uppbygging námskeiðs**

Í tilfellingakennslunni er þátttakendum skipt í hópa, í hvorum hópi eru sérnámslæknar,

hjúkrunarfræðingar og sérnámsgrunnslæknar – nægilega margir til að skipa eitt teymi. Annar hópurinn keyrir svo í gegnum tilfellið á meðan hinn hópurinn, ásamt sérfræðilækni, fylgist með og skráir hjá sér ákveðin atriði. (ABCDE, Teymisvinnu, samskipti (SBAR), staðfest samskipti).

Tilfellingin eru þannig byggð upp að í upphafi er stutt kynning þar sem þátttakendur fá upplýsingar um sýndarsjúklinginn, búnaðinn og tilfellið, því næst fara þau í gegnum tilfellið sem er sjúklingur að lendar í einhvers konar bráðum veikindum. Tveir hjúkrunarfræðingar byrja inni, meta sjúkling og þurfa svo að hringa og fá lækna. Síðan fer fram teymisvinna lækna og hjúkrunarfræðinga sem oftast endar á símtali til GÁT. Eftir tilfellið er rætt um hvað gekk vel, hvað mætti betur fara og svona ýmsar umræður. Leiðbeinandi námskeiðsins (hjúkrunarfræðingur yfirleitt) leiðir umræðuna. Sérfræðingur tekur einnig þátt í umræðunni og gefur álit, kemur með spurningar eða hvað viðkomandi finnst eiga við og passa í umræðuna. Áhersla er lögð á að þátttakendur tali sem mest sjálfir og átti sig sjálf á því

hvað þau hafa gert vel og hvað má betur fara. Því er mjög mikilvægt að hafa ávallt í huga að þetta er ekki tækifæri til að halda kennslufyrirlestur heldur eru þetta uppbyggilegar samræður.

Námskeiðið er heill dagur og kennt er í Skaftahlíð 24, suðurhús í kennslusetri í kjallaranum, þátttakendur mæta frá 08:15-15:30 en **aðkoma sérfræðinga er einungis nauðsynleg í tilfellunum sjálfum. Það er um það bil frá 09:50-12:00 og svo aftur frá 13:20-15:30 eða svona um það bil.**

Yfirlit

08:20-08:30	Móttaka/mæting
8:30	Velkomin
8:40	Fyrirlestur og æfing í forgangsröðun
9:40	Kaffi
10:00-11:00	<b>Tilfelli I</b>
11:00-12:00	<b>Tilfelli II</b>
12:00-12:40	Matur
12:45-13:45	Tilfelli 3
13:50-14:50	<b>Tilfelli 4</b>
14:50-15:30	<b>Fyrirlestur um mikilvægi teymisvinnu</b>

Kennslusetrið Örkin er staðsett í kjallaranum í Skaftahlíð 24, suðurhúsi (nær Miklubrautinni)